



Leikskólinn Krílakot



Innra mat 2017-2018

2. skólaár sameinaðs leikskóla

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Nám, kennsla og námsumhverfi	5
Stærðfræði	5
Læsi	5
Grænfáni	5
Útikennsla.....	5
Söguskjóður.....	5
Fjölmennig.....	6
Uppbyggingarstefnan	6
Umbótaáætlun	6
Skipulag.....	7
Áætlanir og skipulag	7
Umbótaáætlun	7
Öryggismál	8
Lóðarskoðun.....	8
Vinnuaðstaða kennara og barna	8
Eldvarnaráætlun og æfingar	8
Umbótaáætlun	8
Mannauður	9
Starfsmannakönnun Dalvíkurbyggð.....	9
Starfsmannasamtöl	9
Þátttaka starfsfólks í mótun skólasamfélagsins, Lýðræði, fundir og hópavinna.....	9
Sí- og endurmenntun	10
Umbótaáætlun	10
Samstarf við aðra skóla og stofnanir	11
Dalvíkurskóli.....	11
Árskógarskóli	11
Bókasafn.....	11
Víkurröst.....	11
Tónlistarskólinn.....	11
Fræðsluskrifstofa.....	11
Heilsugæsl	11
Félagsþjónusta.....	12
Umbótaráætlun	12

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

Nemendur	13
Heilsubók barnsins	13
Málþroskapróf	13
EFI 2	13
TRAS.....	13
Hljóm 2.....	14
Sérkennsla/málörvun	14
Nemendavernd.....	14
Heimsóknir þroskaþjálfra og kennsluráðgjafa.....	14
Líðan nemenda	14
Umbótaáætlun	15
Foreldrar	16
Foreldrakönnun	16
Foreldraráð	16
Foreldrafélag	16
Foreldrafundur.....	17
Umbótaáætlun	17
Lokaorð	18

Inngangur

Nú er starfsári númer tvö senn að ljúka á Krílakoti en þann 5. ágúst 2016 fór fram vígsla á nýbyggingu við Krílakot og opnaði hann að loknu sumarleyfi í núverandi húsnæði um haustið. Heildarstærð húsnæðisins er um 931,6 m². Krílakot rúmar um 100 börn í vistun allan daginn. Stöðugildi eru um 27 en starfsmenn eru um 33 í mismunandi stöðuhlutföllum.

Samkvæmt Lögum um leikskóla 90/2008 er gert ráð fyrir bæði innra og ytra mati og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum s.s. sveitarfélögum og/eða menntamálaráðuneyti.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróunar á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi skóla og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í framþróun í skólastarfi og tengist markmiðum og áætlunum. Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum matsins. Það er mikilvægt að átta sig á hvar við stöndum, hvernig við vitum það og hvað við ætlum að gera næst. Hér má sjá mat á skólaárinu 2017-2018, hvað er lagt til grundvallar matinu, niðurstöður og umbótaáætlun.

Einkunnarorð skólans eru gleði, sköpun og þor. Við viljum leggjum áherslu á vinnugleði og sköpun í allri vinnu sem og að efla þor bæði barna og fullorðinna. Uppeldi til ábyrgðar er okkar leið til að efla hvern og einn einstakling, að allir fái tækifæri til að efla sjálfið og finna hvaða aðferðir eða leiðir henta þeim best til náms.

Nám, kennsla og námsumhverfi

Stærðfræði

Áætlað var að efla stærðfræðikennslu í leikskólunum starfsárið 2017-18. Markmiðið var að gera form og tölur aðgengilegri auk áhalda s.s. málbönd og fleira auk þess að efla kennara í að nýta náttúruna og óhefðbundinn efnivið í stærðfræðikennslu. Þetta gekk ekki eftir en haustið 2018 mun Dóróþea Reimarsdóttir kennsluráðgjafi stíga með okkur fyrstu skrefin í að nota MIO skimunarefni í stærðfræði og verður MIO okkar leiðarljós í stærðfræði næsta skólaár.

Haustið 2018 verður byrjað að vinna eftir námskrá fyrir hvern aldur fyrir sig þar sem áherslur í stærðfræði eru skilgreindar aldursmiðað.

Læsi

Lögð hefur verið áhersla á læsi undanfarin ár og þetta skólaárið fór mikil vinna í að efla læsi með tilliti til tvítýngis. Við notuðum *Lubbi finnur málbein* til að aðstoða börnin við að læra stafinn sinn og fjölskyldunnar. Með aukinni færni eru mörg börn farin að læra alla stafina og sum jafnvel farin að lesa áður en þau fara yfir á næsta skólastig.

Haustið 2017 var byrjað á námskrá fyrir hvern aldur fyrir sig þar sem áherslur í læsi eru skilgreindar aldursmiðað. Sú námskrá verður tekin í gagnið haustið 2018.

Grænfáni

Við höfum unnið að umhverfismálum í vetur eins og undanfarin ár. Við stefnum að því að flagga nýjum grænfána í fjórða sinn haustið 2018.

Útikennsla

Unnið hefur verið að eflingu markvissrar útikennslu. Nú í vor er ein deild með tilraunakennslu í skógarreitnum Bögg þar sem farið er 3 daga í viku um kl. 09:30 og komið heim aftur um kl. 14:00. Markmiðið með þeirri kennslu er að vekja áhuga og upplifa næsta nágrenni leikskólans. Áhugi er á að auka útikennslu með það að markmiði að nýta nærsamfélagið til að auðga kennsluna, vera með umferðarfræðslu, kynna nánasta umhverfi, skoða dýralífið, plönturnar, auk þess að njóta, nýta og rannsaka.

Söguskjóður

Foreldrar hafa möguleika á að fá söguskjóðurnar lánaðar heim viku í senn. Í vetur hefur þetta ekki verið nýtt sem skyldi. Markmið veturinn 2017-2018 er að vekja athygli foreldra á söguskjóðunum og hvetja þá til að nýta sér þær. Kennarar nota skjóðurnar þess á milli í vinnu

með börnunum. Söguskjóðu fyrir yngstu börnin var áætlað að klára haustið 2017. Það náðist ekki og áætluð var að klára það haustið 2018.

Fjölmening

Unnið er samkvæmt fjölmeningarstefnu Dalvíkurbyggðar. Um 28% barna er af erlendum uppruna og er tekið mið af því við uppbyggingu skólastarfsins. Haldið verður áfram með verkefni sem heitir LAP, Linguistically Appropriate Practice, sem miðar að því að efla málþroska og læsi með tilliti til fjölmeningar.

Uppbyggingarstefnan

Í vetur hafa starfsmenn verið að þjálfra sig í að vinna samkvæmt hugmyndafræði uppeldisstefnu Dalvíkurbyggðar, *Uppbyggingarstefnunnar* (einnig nefnt *Uppeldi til ábyrgðar*). og mun sú vinna halda áfram næsta starfsár. Aðal áherslurnar hafa verið að gera deildasáttmála, fylgja eftir reglunum okkar, æfa okkur að ganga í röð á göngunum og koma orðum á tilfinningar okkar og hegðun með hjálp litakarlana. Haustið 2017 var byrjað á námskrá fyrir hvern aldur fyrir sig þar sem áherslur stefnunnar eru skilgreindar aldursmiðað.

Umbótaáætlun

Stjórnendur koma á laggirnar faghópum innan starfsmannahópsins sem heldur utan um hvern þátt fyrir sig. Sömuleiðis verður unnið að hverjum þætti samkvæmt námskrá hversrar deildar. Deildarstjórar gæta þess að hverjum þætti sé sinnt innan daglegs starfs, undir handleiðslu stjórnenda.

Skipulag

Áætlanir og skipulag

Mánaðarskrá kemur út á hverri deild um hver mánaðarmót. Skóladagatal er metið eftir hvert ár og útbúið nýtt í samráði við aðra skóla Dalvíkurbyggðar. Foreldraráð hefur umsögn með skóladagatali. Föstudagspóstar fara frá öllum deildum til foreldra til að upplýsa þá um starf deildarinnar og hvað er í vændum.

Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi á skipulagi og hefur verið á komandi vetri og finna skilvirkar leiðir til kynna upplýsingagjafa.

Umbótaáætlun

Stjórnendur munu fara yfir námsáætlanir og hefja undirbúning komandi skólaárs núna í sumar. Búið er að gerð ramma fyrir námskrá hvernar deildar fyrir sig þar sem starf deilda er sett fram á skýran og skipulagðan hátt þannig að þeir sem taka að sér afleysingar geti gengið inn í hópastarf o.fl.

Öryggismál

Lóðarskoðun

Árlega skal taka út leikvelli á vegum sveitarfélagsins af Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Séu framkvæmdir á leikvöllum eða breytingar skal leita frekari úttektar. Starfsfólk leikskólans fer yfir lóðina á hverjum morgni áður en börnin fara í útiveru. Skráð er niður hvort eitthvað finnst á lóðinni eða einhverjar skemmdir hafa orðið yfir lokunartímann. Þetta er krafa frá heilbrigðis-
eftirlitinu.

Árleg lóðarskoðun 2018 hafði ekki farið fram þegar þessi skýrsla var unnin. Úttekt/Aðalskoðun á vegum sveitarfélagsins verður gerð auk þess sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands kemur í september. Starfsfólk fer yfir lóðina daglega og fjarlægir rusl.

Vinnuaðstaða kennara og barna

Meta skal reglulega vinnuaðstöðu kennara og barna og lagfæra og bæta eftir þörfum. Vinnuaðstaða kennara er nokkuð góð en mikilvægt er að endurnýja búnað reglulega.

Eldvarnaráætlun og æfingar

Brunaæfingar skulu vera á hverri önn. Yfirfara skal brunakerfið á hverju hausti. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um rýmingaráætlun og þekkja hlutverk sitt í því ferli. Slökkviliðsstjóri tekur út skólann á hverju starfsári. Brunnaæfingar hafa ekki verið haldnar í nýja húsinu. Stefnt er að því að bæta úr því haust 2018.

Umbótaáætlun

Lóðarskoðun mun fara fram eins og áður, skráð hvað finnst, hvort skemmdir eru á útisvæði og umbætur gerðar strax ef þörf er á. Bæta skráningu daglegrar lóðarskoðunar.

Setja hurðir við WC á Kátakoti þannig að þau geti lokað að sér. Skoða möguleika á að útbúa „mjúkt“ horn og bæta aðgengi barnanna að efniviði tengdum náttúru og stærðfræði, endurnýja stóla á deildum þar sem farið er að flísast upp úr setum margra þeirra.

Skipa tvo eldvarnarfulltrúa sem fara yfir öryggisatriði er varðar eldvarnir 1x í mánuði. Merkja þarf alla brúsa sem innihalda eiturefni og hvernig skal bregðast við ef um óhapp verður. Koma verkefninu um Loga og Glóð í betri farveg. Einnig þarf að halda reglulega brunnaæfingar og leita eftir leiðsögn og eftirliti fagaðila.

Mannauður

Starfsmannakönnun Dalvíkurbyggð

Starfsmannakönnun 2018					
Matsspurningar	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Fjöldi svara
Mér líður vel í vinnunni	72%	28%			25
Ég er stoltur af vinnustað mínum	68%	28%			25
Mér finnst jákvæðni ríkja í starfsmannahópnum	28%	14%	4%		25
Ég tel að álag sé hæfilega mikið þegar á heildina er litið	36%	26%	8%		25
Ég sé mig áfram á þessum vinnustað eftir 3 ár	28%	48%	8%	16%	25
Vinnustaðurinn minn leggur áherslu á gæði í starfi og þjónustu	76%	24%			25
Mér finnst gott að leita til yfirmanns minnar stofunar	92%	8%			25
Mér finnst stjórnendur ýta undir faglegt frumkvæði	68%	32%			25
Mér finnst upplýsingaflæðið í stofnuninni minni gott	52%	40%	8%		25
Ég hef farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mánuðum	80%	20%			25
Á mínum vinnustað er lögð áhersla á að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli	52%	44%	4		25
Mér finnst ganga vel að vinna með einstök agamál í skólanum	24%	76%			17
	Einelti	Kynferðislegu áreiti	Fordómum	Engu af þessu	
Á síðustu 12 mánuðum hef ég orðið fyrir eftirfarandi á vinnustað	8% (2)	0	12% (3)	80% (20)	

Könnunin var gerð í lok apríl. Almennt kom hún vel út, öllu starfsfólki líður vel í vinnunni og eru stoltir af vinnustað sínum. Starfsmönnum finnst gott að leita til stjórnenda. Samt sem áður er ekki hægt að líta fram hjá því að 3 starfsmenn telja sig hafa orðið fyrir forómum og 2 fyrir einelti og við því verður að bregðast.

Einelti í Krílakoti er ekki liðið og skal starfsfólk tilkynna til deildarstjóra, skólastjóra eða Eineltisteymis Dalvíkurbyggðar leiki grunur á því að starfsmaður verði fyrir einelti af einhverju tagi.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru frá febrúar – maí árið 2018. Niðurstaða þeirra var á þá leið að starfsfólkinu virðist líða vel í vinnunni og að álag hefði minnkað frá fyrra ári. Fólk sammála um að góður vinnuandi og jákvæðni sé ríkjandi á vinnustaðnum en hlúa þurfi að vinnuandanum og styrkja.

Þátttaka starfsfólks í mótun skólasamfélagsins, Lýðræði, fundir og hópavinna

Starfsfólkinu var skipt í vinnuhópa skólaárið 2017-18. Markmið með hópunum er að starfsfólk sé meðvitað um stöðu skólans og þau verkefni sem er verið að vinna að. Einnig að horft sé til framtíðar og starfsfólk sé samstíga um framtíðarsýn skólans.

Sí- og endurmenntun

Allt starfsfólk Dalvíkurbyggðar fékk fræðslu um Mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar og ný persónuverndarlög í janúar.

Einn deildarstjóri er í M.Ed námi í leikskólakennarafræðum við HA

Krílakot er í samstarfsverkefni við Háskólann á Akureyri um starfsþróun. Verkefnið felst í því að aðstoðarleikskólastjóri sækir þrjá áfanga á vegum HA án endurgjalds en á móti skuldbindur leikskólinn sig til að taka á móti leikskólakennaranemum.

Auk þessa fóru starfsmenn á námskeið á eigin vegum m.a. um nám yngstu barna leikskólans.

Umbótaáætlun

Nauðsynlegt er að halda kynningu á eineltisteymi Dalvíkurbyggðar og benda starfsmönnum á hvernig er hægt að hafa samband við það. Vera með fræðslu um eineltismál og samskipti. Ræða um að við erum ólík og þurfum að taka tillit til þess, taka ber tillit til þarfa og fjölbreytileika einstaklinga. Starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um að andi vinnustaðarins endurspeglast í framkomu þeirra hver við annan. Því þarf að vanda sig hvernig við komum fram hvert við annað og hver og einn líti í eigin barm hvað það varðar.

Gæta þess að mönnun í skólanum sé ætíð til samræmis við barngildi, vistunartíma barna, undirbúningstíma og meta hvað er eðlileg mönnun miðað við stærð leikskóla til að bregðast við veikindafjarvistum svo draga megi úr álagi sem þau valda eins og kostur er.

Byrja á starfsmannasamtölum í janúar og stefna að því að taka eina deild í viðtöl á viku til að dreifa álagi. Gefa starfsfólki tækifæri til að tala saman um líðan sína, upplifun í starfinu og umbætur á starfinu m.a. á starfsmannafundum.

Þátttöku starfsfólks í mótun skólasamfélagsins verður haldið áfram með lýðræðislegri vinnu ár hvert.

Gerð verður sí- og endurmenntunaráætlun fyrir skólaárið 2018-2019 og starfsmenn hvattir til að leita eftir námskeiðum við hæfi og nýta endurmenntunarstyrki sína til að sækja þau.

Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Dalvíkurskóli

Skipulagt samstarf er á milli Krílakots og Dalvíkurskóla varðandi elstu nemendur Krílakots. Skipulagðar heimsóknir eru á milli skólanna ásamt öðrum uppákomum. Aðilar frá hvorum skóla hittast að vori þar sem samstarfsáætlunin er yfirfarin og samstarf næsta vetrar skipulagt.

Árskógarskóli

Ekki hefur verið skipulagt samstarf á milli Árskógarskóla og Krílakots. Við fórum í heimókn og skoðuðum skólann auk þess sem við höfum verið í umræðum við deildastjóra leikskóla-deildar um aukið samstarf.

Bókasafn

Elstu þrír árgangarnir fóru vikulega á safnið og stóð samstarfið yfir allt skólaárið. Samstarfið gekk vel og voru heimsóknir á bókasafn einu sinni í viku þar sem starfsfólk bókasafns eða kennarar barnanna lásu fyrir þau og kenndu þeim að umgangast bækur og safnið í heild sinni.

Víkurröst

Ekkert samstarf var við Víkurröst þetta skólaárið.

Tónlistarskólinn

Tónlistarkennari kom einu sinni í viku til okkar og tók lagið með börnunum.

Fræðsluskrifstofa

Gott samstarf var milli stjórnenda skólans og fræðsluviðs s.s. áætlanagerðir, fjárhagsáætlanir, þróunarverkefni, vettvangsathuganir og fleira. Fræðsluskrifstofa hefur einnig umsjón með skoðanakönnunum til foreldra og starfsmanna í samstarfi við skólann. Kennsluráðgjafi situr í nemendaverndarráði skólans.

Heilsugæsla

Samstarf við heilsugæslu gengur vel. Starfsmaður heilsugæslu situr nemendaverndarráðsfundi með kennurum og starfsfólki félagsþjónustu og fræðsluviðs um 4 sinnum á ári og oftast eftir þörfum. 2 ½ árs skoðanir og 4 ára skoðanir hjúkrunarfræðings fara fram í leikskólunum. Það er komin góð reynsla á samstarfið og er ánægja meðal foreldra, kennara og heilsugæslu með þetta fyrirkomulag og markmið að halda því áfram. Börnin eru flest öll örugg og hefur þroskaprófið gengið vel.

Félagsþjónusta

Þroskaþjálfari frá félagssviði kemur og fylgist með börnunum eftir þörfum og veitir starfsfólki ráðgjöf. Hann situr í nemendaverndarráði skólans.

Umbótaráætlun

Á hverju ári er metið hvernig samstarfið tókst við aðrar stofnanir, hvað mátti gera betur og tekin ákvörðun um framhaldið.

Nemendur

Heilsubók barnsins

Krílakot er leikskóli á heilsubraut og stefnir að því að verða heilsuleikskóli haustið 2018. Markmið heilsuleikskóla er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun.

Þáttur í því ferli er að fylla út heilsubók barnsins. Í henni koma fram upplýsingar um, heilsufar, hæð og þyngd, lífsleikni, hreyfigetu, næringu og svefn auk færni í listsköpun.

Heilsubók barnsins var fyllt út í þriðja skipti vorið 2018 og þar með ætti Krílakot að uppfylla skilyrði fyrir umsókn um að verða heilsuleikskóli.

Málþroskapróf

EFI 2

Málþroskapróf ætlað börnum á aldrinum 3,1 – 3,7 ára. Öll börn á aldrinum 3,5 ára fara í EFI próf hjá kennurum skólans. Niðurstaðan var að flest börnin komu vel út hvað varðar skilning og tjáningu en það eru þeir þættir sem prófið mælir. Niðurstöður fylgja börnunum milli skólastiga með öðrum gögnum um gengi og þroska.

TRAS

TRAS (n: Tidlig registrering af språkuvikling) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnum aldri. Skráningin hefst þegar barn er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili, skráir leikskólakennari á skráningarblöðin svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann.

Markmið með TRAS er að reyna að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika.

Spurningarnar á TRAS skráningarlistanum flokkast undir þrjú færnisvið, sem hvert um sig á ákveðinn lit á skráningarblaðinu.

Hljóm 2

Hljóm 2 er málþroskapróf sem gert er á öllum börnum við aldurinn 4,9 - 6 ára til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólastigs. Athugunin byggir á hugmyndum um tengsl málþroska við síðari lestrarfærni og þátt þjálfunar hljóðkerfisvitundar í fyrirbyggjandi starfi. Markmið þessarar athugunar er að vera með snemmtæka íhlutun hjá þeim börnum sem eru stutt á veg komin hvað þessa þætti varðar. Athugunin er framkvæmd í september. Þau börn sem ekki koma vel út í Hljóm 2 í september eru athugðu aftur í janúar til að athuga með framfarir og hvort grípa þurfi til sérstakar aðgerða.

Sérkennsla/málörvun

Úthlutað var 50% starfshlutfalli í markvissa málörvun árið 2017-2018 til að mæta hinni miklu fjölmenningu í Krílakoti. Daglega fóru þau börn sem mesta þörf höfðu fyrir málörvun í tíma með kennara þar sem málörvun fór fram í gegnum spil og leiki. Áætlað er að halda áfram að gera ráð fyrir úthlutun starfshlutfalls í málörvun meðan fjöldi nemenda af erlendum uppruna er enn nær 30% sem er í samræmi við fjölmenningarstefnu Dalvíkurbyggðar.

Nemendavernd

Haldnir eru 4 - 5 fundir á ári hjá nemendaverndarráði. Í því sitja leikskólastjóri, kennsluráðgjafi, starfsmaður heilsugæslu, þroskaþjálfari félagsþjónustu og deildarstjórar þeirra nemenda sem eru til umfjöllunar. Ávallt er fengið samþykki foreldra áður en málefni nemenda eru til umfjöllunar.

Heimsóknir þroskaþjálfara og kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi kom í nokkrar stuttar heimsóknir á skólaárinu auk þess sem kennsluráðgjafi kom í nóvember í vettvangsathuganir og kom með góðar ábendingar og ráð. Þroskaþjálfari kemur ef leikskólastjóri óskar eftir stuðningi við ákveðin málefni barna.

Líðan nemenda

Nemendur á þremur elstu deildum voru spurðir um líðan sína í leikskólanum. Allir nema einn sögðu að þeim fyndist gaman í leikskólanum, liði vel í leikskólanum og ættu vini.

Skrifaðu X í viðeigandi reit		
Mér finnst gaman í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég á vini í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér líður vel í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

















Umbótaáætlun

Stefnt er að því að taka upp MIO skimunina til að meta stöðu í stærðfræði og nýta til hagsbóta fyrri nemendur. Við munum áfram styrkja þá þætti sem fyrir eru og nýta niðurstöður þeirra til að grípa inn í og aðstoða þá nemendur sem það þurfa.

Foreldrar

Foreldrakönnun er gerð að vori. Foreldrar mæta á þar til gerða foreldrafundi, í foreldrasamtöl um námsframvindu barns síns í leikskólanum og á ýmsa viðburði. Aðkoma foreldra að skólasamfélaginu fer fram í gegnum áðurnefnda foreldrasamvinnu, foreldrafélag og foreldraráð.

Foreldrakönnun

 nær matsviðmiðum  Nær ekki matsviðmiðum			
Matsspurningar	Niðurstaða(sammála/frekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/neikvætt
Barninu mínu líður vel í skólanum	98,70%	93%	
Ég er ánægð/ur með skólann	98,60%	93%	
Mér finnst ég vera velkomin/n í skólann	96%	93%	
Ég tel að trúnaður ríki meðal starfsfólks varðandi málefni barns míns	90,30%	93%	
Ég er ánægð/ur með matinn sem barnið mitt fær að borða í skólanum	95,80%	93%	
Ég er ánægð/ur með hvernig tekið er á móti barninu mínu í leikskólanum á morgnana	94,50%	93%	
Ég er ánægð/ur með hvernig barnið mitt er kvatt þegar það er sótt í leikskólann	94,60%	93%	
Ég er ánægð/ur með kennara barnsins míns	95,80%	93%	
Mér finnst gott að leita til skólastjórnenda	65,30%	93%	
Ég er ánægð/ur með deildarstjóra barnsins míns	97,20%	93%	
Mér finnst upplýsingaflæði frá skólanum gott	94,50%	93%	
Ég tel að skólinn veiti nægar upplýsingar um náms- eða þroskastöðu barnsins míns.	96%	93%	
Ég tel samráðsfundi markvissa og árangursríka	94,40%	93%	
Ég tel að foreldrar fái tækifæri til að hafa áhrif á starf skólans	84,30%	93%	

Foreldrakönnun var gerð í maí 2018. Niðurstöður voru góðar og virðist vera að foreldrar séu nokkuð ánægðir með leikskólann. Samt sem áður náðum við ekki matsviðmiðum og fengum við ábendingar um hvað mætti fara betur sem við tókum til greina.

Foreldraráð

Foreldraráð veitir umsögn um skóladagatal og breytingar á námskrá eða skipulagi skólans. Fundað var tvisvar sinnum skólaárið 2017-18 í tengslum við skóladagatal næsta skólaárs og farið yfir starfsáætlun liðins skólaárs.

Foreldrafélag

Fundað er með stjórn foreldrafélagsins að minnsta kosti einu sinni á ári. Næst verður fundað með stjórn foreldrafélagsins og foreldraráði í september/október 2018. Farið yfir skipulag varðandi vorferðir og annað.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru tvisvar á ári, að vori með foreldrum nýrra barna og að hausti með öllum foreldrum. Árlegur haustfundur var í lok september þar sem farið var yfir starf vetrarins. Kosin var ný stjórn foreldrafélagsins og fulltrúar buðu sig fram til starfa í foreldraráði skólans. Fundur var með foreldrum nýrra barna í Krílakoti í maí þar sem starfsemi skólans var kynnt og foreldrar fengu tækifæri til að kynnast hver öðrum og stjórnendum skólans.

Umbótaáætlun

Halda áfram góðu samstarfi við foreldra með því að hafa niðurstöður foreldrakönnunar í huga. Vinna að leiðum sem við höfum til að koma upplýsingum til skila, vera meðvituð um hvernig við tökum á móti börnunum og hvernig við kveðjum þau. Einnig að auka vitund starfsmanna um mikilvægi þess að halda trúnað við foreldra og alla sem að skólanum koma.

Kjósa í foreldraráð á haustfundi 2018 og halda í kjölfarið fundi með ráðinu þar sem fundatímar verða dagsettir fram í tímann. Funda að hausti með foreldrafélagi og leggja línur vetrarins.

Lokaorð

Það er mat skólastjóra að skólaárið 2017-2018 hafi í heildina gengið vel og margt áunnist í að bæta skólastarfið. Áherslur starfsins næsta árið verður að slípa starfsemi Krílakots enn betur og móta. Liður í því er að fara vel yfir alla þætti starfsins og gera það sýnilegra. Haustið 2018 er markmiðið að góð skrifleg gögn um starfsemi hvers mánaðar fyrir sig þar sem áherslur helstu námsþátta verða dregnar fram. Þessi gögn verða síðan endurmetin í lok hvers mánaðar og gerð áætlun um hvernig gengur og hvernig við ætlum að halda áfram.

Það er gaman að segja frá því að öll börn sem fædd eru árið 2017 hafa fengið boð um leikskólapláss í haust.

Ljóst er að verkefni framundan eru mörg, krefjandi, fjölbreytt og skemmtileg. Markið komandi skólaárs verður að byggja ofan á þann grunn að farsælu skólastarfi sem lagður var á líðandi skólaári þar sem allir sem að komu, starfsmenn, foreldrar, börn og fræðsluyfirvöld vinna saman að því að byggja upp metnaðarfullt skólastarf sem einkennist af gleði, sköpun og þori.

Guðrún H. Jóhannsdóttir

Leikskólastjóri

Ágústa Kristín Bjarnadóttir

Aðstoðarleikskólastjóri